

Mál 588 umsögn til Samgöngunefndar

Ábendingar og spurningar sem vöknúðu við yfirllestur á Þskj. 873—588. mál.
Frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

++ 3. gr. Flokkun gististaða

Flokkur I: Heimagisting gerir ekki ráð fyrir leyfi til veitingasölu.

Bændagisting er oftast rekin sem heimagisting. Þarf þá að senda gesti langar leiðir til að leita uppi veitingastað vegna nauðpurfta?

++

Gisting á tjaldsvæði eru undanskilin í frumvarpinu, en útihátíð er með.

Auðveldar það ekki utanumhald um leyfisveitinga til útihátíða að geta gert kröfur um aðstöðu á tjaldsvæðum þeirra?

Á fimmstjörnu tjaldstæði er gerð krafa um veitingastað á staðnum, skv. flokkun Ferðamálastofu á tjaldsvæðum.

Er það ekki viðeigandi að hafa alla sölu á gistingu í sömu lögunum?

++ 4. gr. Flokkun veitingastaða.

Skilgreina veitingastað eftir "svo sem með háværri tónlist" er hæpið.

Er ekki ætlunin bara að skapa þeim sem vilja sofa á hefðbundnum tíma svefnfrið? Æ fleiri vinna nú þannig vinnu að frídagar þeirra eru á virkum dögum og vilja þá fara út að skemmta sér.

++ 7. gr. Leyfisskylda.

Nú þarf leyfisbréf að vera sýnilegt fyrir viðskiptavinum. Þau eru oftast staðsett þannig að gestir komast ekki að þeim í eðlilegri lestrarfjarlægð án aðstoðar. (Jafnvel fest í loft (sýnilegt en ekki læsilegt)).

Sama ætti að eiga við um verðlista.

++ 8. gr. Skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla.

Skuldir, skv. 8. gr. g. lið, þurfa ekki að vera komnar á eindaga.

Leyfisveitandi skal afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi eða forsvarsmaður uppfylla ekki lengur skilyrði 8. gr., sbr. þó heimild 16. gr. (Þrotabú fær að halda rekstri áfram)

Áður fer af stað nokkur prósess með viðvörðunum og andmælarétti.

Hvernig á að fylgjast með skuldastöðu leyfishafa, til þess að hafa forsendur, til þess að taka ákvörðun um að afturkalla rekstrarleyfi?

Væri ekki nær að líta til eiginfjárlutfalls og rekstarhæfni?

Ath. reglur sem Vegagerðin fer eftir vegna leyfa til fólks- og vöruflutninga.

(Sambærilegt er heimildarákvæði í núgildandi lögum.)

++ 27. gr. *Gildistaka og brottfall laga.*

Er ástæða að bíða með gildistöku til 1. júlí?

Er ekki réttara að þeim sem þurfa ný leyfi fyrir sumarvertíðina verði hlífð við því að fara inn í leyfafrumskóginn?

++ Breytingar á aðstöðu. Nýr rekstur.

Ferli vegna viðhalds og breytinga er ekki ljóst. Ef allt ætti að vera eftir bókinni. Framkæmdum er oft skipt í áfanga og til dæmis var húsnæði gamla verkamannaskýlisins "Gaukur á Stöng" umbílt og bætt við, en rekstur hélt áfram á meðan. Hvernig var það hægt?

Að hanna hótél og koma því í rekstur getur tekið tvö, þrjú ár. Ferðamálastofa meinar aðilum að kynna sig á vefsíðum sínum eða í handbók nema rekstrarleyfi liggi fyrir. Hótél þarf að kynna og selja um leið og uppbygging á sér stað.

Það er til ráða gefa vilyrði fyrir rekstrarleyfi út á teikningar, með vísan til laga nr. 91/1998, 8. gr. um bindandi álit ríkisskattstjóra.

Reykjavík, 5. mars 2007.

Hallgrímur S. Sveinsson,
Hörgshlíð 8, 105 Reykjavík.

Kt. 190354-5129,
GSM 897 7636.